

Félagsskipti milli úrvalsdeildar og b liðs félags

Reglugerð um félagaskipti

6. gr. Leikmanni er einungis heimilt að leika með og vera skráður í eitt lið í einu. Leikmaður má skipta um félag/lið tvisvar á hverri leiktíð. Leikmaður í úrvalsdeild er undanþeginn tilkynningu og greiðslu um liðaskipti spili hann með b-liði félagsins í 1.deild.

Leikmaður sem er einn af 7 hrinuhæstu leikmönnum úrvalsdeildarliðsins er ekki löglegur með b-liði sama félags í 1 deild nema í gegnum liðaskiptareglu sjá 4gr., undantekning er ef hann er að koma aftur eftir að hafa verið slasaður og er búinn að missa af síðustu 5 leikjum eða meira með sínu liði í úrvalsdeild þess vegna . Ekki er greitt fyrir liðaskipti leikmanna í 2. flokk og neðar. Leikmaður er einungis gjaldgengur með einu liði í Bikarkeppni BLÍ á hverri leiktíð.

Rökstuðningur:

Hugmyndin að þessari reglu þegar hún var sett á ársþingi BLÍ 2019 var til að yngri leikmenn geti verið á bekknum í úrvalsdeildarliðinu og fengið að spreyta sig í einhverjum hrinum en verið samt gjaldgengir með 1 deildinni, einnig ef leikmaður úrvalsdeildar hefur verið slasaður og er að koma sér í leikæfingu aftur,

Aftur á móti þá hafa lið verið að misnota þetta og ítrekað komið með úrvalsdeildarleikmenn í 1 deildarleiki til að nota sem æfingaleiki fyrir úrvalsdeildina og eða til að vinna 1 deildina, Er það ástæða þess að þessi breyting er send inn